

Ársskýrsla leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði



Fyrir skólaárið 2023-2024



Hjallastefnan

Efnisyfirlit

Mat á skólastarfi og framtíðarsýn	3
Fagstarf.	6
Starfsmannahald	8
Samstarf	8
Tölulegar upplýsingar	13



Mat á skólastarfinu og framtíðarsýn

1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

Skólaárið 2023-2024 var mun betra en árið þar á undan. Starfið var betur skipulagt, settar voru skýrari línu með ýmis atriði sem snéru að starfsfólki. Svana Kristín Guðbjartsdóttir tók við sem sérkennslustjóri ásamt því að vera sérkennari og varð partur af stjórnendateyminu ásamt Ingibjörgu Einarsdóttur og Mörtu Sif Ólafsdóttur. Þetta ár var svo sannarlega skref í þá átt sem við erum að stefna.

Haustið 2024 fer nú mjög vel af stað, það er mikið búið að breytast á einu ári til hins betra og finnum við greinilega mun á starfsfólki, börnum og foreldrum. Við munum nú halda áfram með enduruppbyggingu sem við höfum í fyrra og erum við með vel skipulagt starf fram undan í vetur.

Framtíðarsýn

Við höldum áfram í þeirri langferð sem við höfum í fyrra; það er mikil gerjun í gangi í áherslum í leikskólamálum sem okkur ber að fara eftir. Það þarf að huga að gríðarlega mörgum þáttum. Við þurfum alltaf að vera á tánum varðandi framþróun og áherslubreytingar. Við vinnum eftir *Aðalnámskrá leikskóla* sem og *handbók Hjallastefnunnar* sem tekur mið af *Aðalnámskrá* og fleiri þáttum sem snúa að lögum og reglugerðum varðandi leikskólamál. Þessari vinnu lýkur aldrei. Það hefur gengið betur að manna skólann þó ekki með fagmenntuðum kennurunum. Áherslur í *handbók Hjallastefnunnar* taka mið af slíkri þróun og er hún nú í reglubundinni endurskoðun. En við látum ekki deigan síga og bregðumst við með þróun breytinga í starfinu. Hvað varðar þjálfun nýs starfsfólks, þá höfum við aðlagð okkur að breyttri stöðu með yngra og óreyndara starfsfólk, þá höfum við leitað eftir því hvar þau eru stödd og mætum þeim með nýliðapjálfun Hjallastefnunnar maður á mann.

1.1. Formlegt mat á skólaári 2023 - 2024

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Innra matið samanstendur af þeim þáttum sem skólinn notar til að meta eigin frammistöðu svo og þeim þáttum sem Hjallastefnan ehf. notar til þess að meta gæði í þjónustu skólans. Helstu þættir í Innra matinu eru: starfsmannakönnun sem að jafnaði er lögð fram að vori fyrir starfsfólk leikskólans þar sem grennslast er fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Gátlisti fyrir stöðu hvers barns hvað varðar þroska, félagshæfni og gengi í leikskólanum, sem kennarar fylla út tvisvar á starfsárinu og kynna foreldrum í foreldraviðtali og foreldrakönnun sem send er út 1-2 á starfsári þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra.

Hjallastefnuskólar taka þetta mat á skólastarfinu mjög alvarlega og ef óánægju virðist gæta í einhverjum þætti skólastarfsins er tafarlaust gengið í þær breytingar sem þarf til þess að bæta úr skák.



Hjallastefnan

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar fyrir starfsárið 2023 – 2024 má sjá [hér](#). Við áttum von á að koma ekki vel út í ákveðnum þáttum á þeim tíma sem könnunin var send út, þar sem við höfum verið að sigla upp úr djúpum dal, en margt hefur breyst mikið til batnaðar og við vorum farin að finna breytingar eftir því sem leið á árið.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar fyrir starfsárið 2023 – 2024 sem má sjá [hér](#). Sama má segja hér og við foreldrakönnun, við áttum von á að koma ekki vel út í ákveðnum þáttum, á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd, en margt hefur breyst mikið til batnaðar eftir því sem leið á árið.

1.2. Starfið næstkomandi ár

- Í Eyrarskjóli höfum við verið að setja niður skýra verkferla, útbúa leiðbeiningar fyrir hvað eina fyrir starfsfólk til að auka öryggi allra í starfinu. Við erum að rýna vel í alla þætti í *Aðalnámskrá leikskóla* og *Handbók Hjallastefnunnar* og máta þá við okkar starf. Þessi vinna er að skila sér afar vel og finnum við mikinn mun á öryggi starfsfólks og okkar þegar leið á skólaárið.
- Við höldum áfram að skerpa áherslur Hjallískra vinnubragða. Í því felst m.a. 9 vikna nýliðabjálfun með vikulegum fundum með skólastýru, fleiri og reglulegri starfsmannafundir þar sem nýttur er tíminn til að taka eitthvað fyrir úr hjallahandbókinni til að rifja upp og fara yfir. Við höldum vandaða lotufundi með öllum saman, samræmi og eftirfylgd með starfinu sem er gert í lotunum og vikulegir sameiginlegir undirbúningstími kjarnastjóra og stjórnenda þar sem gefst tími og rými til að deila ráðum, verkefnum og setja vikuna saman.
- Við höfum verið að gera breytingar á starfinu til að sníða það að núverandi aðstæðum, leita lausna og leiða. Það hefur verið mikill kynjahalli í leikskólanum síðustu skólaár, við brugðumst við því með því að hafa alla kjarna kynjablandaða, þeir eru með aldurs hreina hópa, sem kemur mjög vel út, en við reynum að hafa hópana innan kjarnanna kynjaskipta þó að við tökum mikið tillit til aldursröðunar og þroska stöðu barnanna. Við leggjum skýra áherslu á reglulega [uppbótavinnu kynjanna](#), við höfðum aðlögun á þeirri vinnu á síðasta skólaári við byrjuðum smátt og höfum aukið við eftir því sem starfsfólkið styrktist í vinnunni, þá kynjaskiptum við hópnum, þannig að börnin fá tækifæri til að styrkja þá eiginleika sem auðveldlega geta verið vanræktir vegna kynferðis. Börnin fá öll að æfa sig í mismunandi verkefnum sem samfélagið eignar gjarnan hinu kyninu.
- Við leggjum mikinn metnað í málörvun allra barna og auk einstaklings stunda fyrir börn sem þurfa þann stuðning, sem og reglubundinna málörvunarstunda á kjörnum, er hluti af þeirri vinnu tónlistar- og sögusmiðju sem við byrjuðum á í fyrra þrisvar í viku til skiptis inn á elstu kjörnum í fyrra en ætlum að gera um betur þetta árið og munu allir kjarnar fá að njóta tónlistar og sögusmiðju Bjarkar 1-2 í viku þar sem við erum með starfsmann í húsi sem er mjög sterk í þess konar kennslu. Þannig nýtum við mannauðinn og fléttum saman áherslur úr [Aðalnámskrá leikskóla](#) og handbók Hjallastefnunnar sem leggur mikla áherslu á söng, tónlist og gleði.
- Við fögnum því að aukin áhersla er nú lögð á leikinn í *Aðalnámskrá leikskóla*, við höfum innleiðingu á síðasta skólaári og höfum verið að þróa hjá okkur leiðir til að gefa aukið rými fyrir sjálfsprottinn leik sem er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla, við viljum sjá leikinn þróast eins og þekkt er að hann byggist upp. Við höfum hafið kennslu fyrir starfsfólk skólans á starfsdögum, þar sem við förum skref fyrir skref yfir efni [Handbókar um leik barna í leikskólum](#) til þess að tryggja að starfsfólk átti sig á eðli og mikilvægi mismunandi birtingarmyndar leiks og leikformi.



Hjallastefnan

- Við erum einnig að þróa hjá okkur aukið rými fyrir lengri vettvangsferðir sem ýta undir þætti s.s. eins og heilbrigði og vellíðan, þekkingu á nærumhverfi, tengingu við samfélagið o.fl.
- Við erum að rýna í og auka markvissa áherslu á lýðræði barna, sem æfir bæði starfsfólk og börn í því að vinna saman á lýðræðislegan hátt. Margir þættir lýðræðis eru fléttaðir inn í Hjallastefnuna sem er [kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna](#) í grunninn.
- Við erum enn að vinna að breytingum á áherslum í listsköpun með börnum og fengum myndlistakonu og listkennara sem hefur reynslu af slíkri vinnu með börnum til okkar til að kenna okkur hvernig við getum unnið að því.

Þetta eru nokkrir þættir sem sýna hvernig við erum að endurskoða og meta hvern þátt í starfinu fyrir sig. Við erum að vinna að fleiri þáttum sem ekki verða taldir upp hér, en koma sumir fram í vefslóð sem fram kemur í næsta kafla.

1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs

Við erum enn að vinna út frá umbótaáætlun vegna ytra mats sem gert var sumarið 2022. Snýr hún að miklu leyti að fagstarfi skólans, en auk þess að verkferlum, samstarfi og fleiri þátta sem t.d. Ísafjarðarbær kemur að. [Hér](#) má sjá umbótaáætlunina. Við erum einnig að dýpka og skerpa enn betur á Hjallastefnunni, við erum að gera það með því að vera með vikulega kjarnastjórafundi og sameiginlegan undirbúning. Einnig höldum við betur utan um starfsmannafundi og lotufundi, tökum þá upprifjunar á atriðum úr Handbókinni og náum þar að leiðandi betri samvinnu og meiri upplýsingagjöf til starfsmanna. Við ætlum að skerpa og dýpka vinnuna varðandi málörvunarstefnuna okkar, leikinn og félagslegan þroska barnanna. Við ætlum að vinna að því að gera fagstarfið okkar sýnilegra fyrir foreldrum, það mun einnig fá að þróast án þess að pressan verði óbærileg.

2. Fagstarf

2.1. Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrár markmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir *Aðalnámskrá leikskóla* og uppfylla öll markmið hennar, þó að stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir *Handbók Hjallastefnunnar* þar sem einstaklings styrking og félagsuppeldi stúlka og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.



Hjallastefnan

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið *Aðalnámskrár* eru flétuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í sjálfsprottum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum.

Nánari útfærslu á námskrármarkmiðum *Aðalnámskrár leikskóla* og markmiðum *Handbókar Hjallastefnunnar* ásamt útlistun á leiðum leikskólans að þeim markmiðum má sjá í [Skólanámskrá leikskólans Eyrarskjóls](#) sem er nú í endurskoðun.

2.2. Leikskólastarfið

Leikskólastarfið síðastliðið starfsár einkenndist af endurreisn eftir mjög þung ár á undan. Okkur í stjórnendateymi skólans ásamt áhugasömu starfsfólki skólans, hefur tekist að vinna að því að ramma starfið inn og vera óhrædd við að leita nýrra leiða með þætti sem ekki hafa gengið nógu vel. Starfsfólkið hefur verið mjög jákvætt og tekið þátt í þróuninni með okkur, enda er það forsenda þess að starfið vaxi og dafni. Umönnun barnanna einkenndist eins og áður af hlýju og vináttu enda er:

kærleikur eitt af lykilhugtökum Hjallastefnunnar, að mæta hverju barni, fjölskyldumeðlimi og starfsfólki öllu með kærleika í öllum samskiptum. Vinsamlegt orðalag sem vel er til þess fallið að skapa kærleiksríkt umhverfi. Jákvæðar staðhæfingar iðkaðar og þjálfaðar og þannig viljum við stuðla að því að öll börn, allt fólk, upplifi mikilvægi sitt.

2.2.1. Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna hefur gengið mjög vel. Við erum með fundi fyrir nýja foreldra 1-4 vikur áður en barnið byrjar, með foreldrum 4-5 barna í einu þar sem börnin eru velkomin. Á þessum fundum hafa foreldrar getað hitt kennara og stjórnendur. Skólastýra fer yfir aðlögunina og ýmislegt sem má hafa í huga. Þessir fundir hafa orðið mjög heimilislegir þar sem foreldrar eru oftast hjá okkur 1-1,5 tíma bara að spjalla og leyfa börnunum að leika. Okkur finnst þetta gefa bæði foreldrum, börnum og starfsfólki smá forskot á aðlögunina.

2.2.2. Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans einkennist af röð, reglu og rútínu, sem í raun virkar eins og einn auka starfsmaður þar sem bæði starfsfólk og börn eiga að geta treyst á það. Dagskráin einkennist af endurtekningum og hópatímum og valtímum á víxl:

Dagskipulag í grófum dráttum

7:45 Leikskólinn opnar - val

8:30 - 9:00 Morgunmatur

9:00 Valfundur, nemenda stýrður tími, börnin velja leir, föndur, kubba, sull, leikstofu eða útivist

10:30 Hópatími, kennarastýrður tími

11:00 - 11:30 Hádegismatur hefst, hóparnir borða hádegismat með sínum kennara, yngstu börnin fara í hvíld og eldri halda hópatíma sínum áfram með kennaranum.

13:15 Valfundur, nemenda stýrður tími, börnin velja leir, föndur, kubba, sull, leikstofu eða útivist

14:00 - 14:15 Nónhressing

15:00 Samvera, róleg stund á kjarna og valfundur. Flest börn ljúka deginum um klukkan 16:00 en leikskólinn er opinn til kl. 16:15.

Val



Hjallastefnan

Valtímarnir okkar byrja alltaf með valfundi sem er á undan leiktíma barnanna svo að hvert barn geti fylgt áhuga sínum og vaxið á eigin áhugasviði. Þá er opinn og skapandi efniviður í boði ásamt leikstofu og útisvæði og kennarar eru til stuðnings og hvatningar. Allt leikefni er úthugað til að börn geti ráðið við allt sjálf og þurfi ekki að kalla á aðstoð sem er mikil valdefling. Við höfum verið að lengja þessa valtíma eins og kostur er til þess að mæta þörfum barnanna til að þróa leikinn eins og þeim er eðlislægt.

Hópatímar

Hópatímar eru daglega til að kennarar styðji hvert barn í persónulegum þroska svo það njóti hæfileika sinna og æfist í nýrri færni. Milli klukkan 10.30 og 13.15 er hópastarf úti og inni þar sem hvert barn tilheyrir fámennum hópi og sami eða sömu kennarar starfa með hópnum allt skólaárið ef aðstæður leyfa. Í hópatímunum vinna kennarar eftir *kynjanámskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá leikskóla*, meðal viðfangsefna er t.d. málörvun, stærðfræði, dans og hreyfing, vettvangsferðir og þrautabrautir, sköpun, tónlist og tjáning, bókmenntir og sögur og hverju því sem einkennir leikskólastarf.

Uppbrot 1-2 í viku

Á eldri kjörnunum vorum við með 1-2 daga í viku þar sem við breyttum dagskipulaginu til þess að vera með lengri samfelldan valtíma og hópatíma, til að gera meira rými fyrir frjálsa leikinn og útinám.

2.2.3. Skólaföt

Markmiðið með skólabúningum er margþætt en sem dæmi má nefna þá kennistefnu Hjallastefnunnar að með samskonar fatnaði styrkist liðsheild allra barna og samkeppni dragist saman. Þess fyrir utan þá bjóða skólabúningarnir upp á það að öll börn mæti til skóla í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. Fötin eru hin sömu fyrir bæði kyn og er þeim ætlað að auka á samkennd og draga úr kynjabundnum viðhorfum til klæða.

2.2.4. Ferðir og uppákomur

Við vorum í mikilli naflaskoðun með uppákomur og ferðir síðasta vetur. Viljum frekar vera með minna á dagskránni og standa við það. Það eru nokkrir dagar þar sem við gerum dagamun, þar má nefna alþjóðlega bangsadaginn þar sem börn geta komið í náttfötum og með bangsa í leikskólann, rafmagnlausir dagarinn, bleiki dagarinn, alþjóðlegi dagur downs, dagur íslenskrar tungu, dagur íslenskrar náttúru og dagur evrópskra tungu en við tökum þessa daga fyrir á starfsdögum og ákveðum í sameiningu hvað á að gera. Við erum einnig með útikakó nokkrum sinnum yfir veturinn, tónlist á lóð og samlokur borðaðar í garðinum. Elstu börnin eru svo að fara og syngja í Eyri og Hlíf sem er hluti af vinnunni í söng og sögustundum Bjarkar. Við höfum fengið gest 2-3 í söngstund í fyrra og ætlum við að gera það sama núna, þá kom foreldri sem spilar á gítar og syngur og tók nokkur lög sem vakti mikla lukku. Í fyrra héldum við jólaball og komu svo jólasveinar í heimsókn úti í garði. Við eigum eftir að taka ákvörðun um það með foreldraráði þetta árið hvort við munum gera þetta, þetta árið en það eru skiptar skoðanir á því hvort þetta eigi heima í leikskólanum og erum við með mikið af ungum krökkum sem eru einungis hrædd. Það hefur komið upp hugmynd að nota frekar peninginn sem foreldrafélagið hefur notað í þetta í að bjóða frekar upp á jólaklippingu. Við munum svo taka þátt í listasýningu um páskana og sólargöngunni, en við ætlum að endurskoða hverjir hjá okkur eru að fara í þessa göngu því aftur, eru yngstu börnin ekki að fá neitt jákvætt út úr



Hjallastefnan

Þessum viðburði. Þetta árið slepptum við allra yngstu börnunum og voru þá þá með einkapartý í garðinum á meðan. En við erum að stefna á að taka þetta skrefinu lengra þetta árið þar það var enn mikið um gnístur og grátur hjá þessum sem voru um 2 ára gömul. Markmiðið okkar er og á alltaf að vera að börnin koma fyrst, og við viljum vera dugleg að endurskoða hvað það er sem þau hafa í rauninni gaman af eða hvort það séu við og/eða foreldrarir sem viljum þetta frekar en börnin sjálf.

3. Starfsmannahald

3.1. Móttaka nýrra starfsmanna

Það hefur hægt á starfsmannaveltu hjá okkur og það er að mótast góður og samheldinn kjarni. Við náum nú að taka utan um nýtt starfsfólk og fylgja eftir nýliðabjálfun eins og nauðsynlegt er. Við höfum búið til ferla fyrir kjarnastjóra hvað þeir þurfa að gera þegar nýr starfsmaður byrjar og hvað það er sem stjórnendur sinna. Við byrjuðum svo á því í lok vetrar að skipuleggja fund með starfsfólki eftir 4 vikur í starfi til að hafa betri tilfinningu fyrir þeim og hvernig þeim líður.

3.2. Símenntun og starfsþróun

Leikskólinn Eyrarskjól útbýr á hverju hausti símenntunaráætlun fyrir starfsfólk skólans með þátttöku starfsfólksins sjálfs þar sem það getur haft áhrif á símenntun starfsmannahópsins í heild og komið á framfæri óskum um námskeið og aðra símenntun sem það sjálft vill sækja og nýtist í starfinu. Á síðastliðnu starfsári voru starfsdagar gjarnan notaðir til að koma að fræðslu um starfið, leikinn, starfsaðferðir, áherslur í Hjallastefnunni, barnavernd, skyndihjálp, málörvun og einstaka starfsmenn fóru einnig á námskeið tengd frávikum í þroska, útfyllingu og úrvinnslu skimunarlista, málþroska o.fl. Næsta vetur ætlum við mest að einblína á starfsmannafundi, lotufundi og kjarnafundi, við munum svo fá Rúnu Esradóttur til okkar með fyrirlestur, við munum vera með skyndihjálpanámskeið, tökum þátt í námskeiðsdegi með Ísafjarðarbæ um leikinn og förum á fyrirlestra á Hjallaráðstefnunni svo eitthvað sé nefnt.

3.3. Nám með vinnu og námsleyfi

Síðastliðið skólaár lauk einn starfsmaður M.Ed. gráðu í menntunarfræði á leikskólastigi, ein lauk námi sem leikskólaliði, einn starfsmaður hóf nám í 60ect leikskólafræði, ein hóf nám í kennarafræði á leikskólakjörsviði, þær eru í námi með vinnu í misháu hlutfalli.

4. Samstarf

4.1. Tengsl við ráðgjafarþjónustu

Við höfum saknað þess að hafa meiri tengsl við skólasálfræðing og talmeinafræðing. Við höfum töluverð tengsl við ráðgjafa okkar hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð, en það nær því miður ekki yfir greiningarþætti barna sem glíma við málþroskaraskanir misalvarlegar og það er mikil ábyrgð að þreifa sig áfram án þess að hafa faglega þekkingu á því sviði, þar sem málþroski hefur áhrif á marga þroska þætti og félagslega sem og námslega stöðu einstaklinga. Það er vitað að snemmtæk íhlutun er gríðarlega mikilvæg á því sviði. Við fengum loksins heimsókn talmeinafræðings nú í upphafi þessa



Hjallastefnan

skólaárs til að taka greiningar og ráðgjöf fyrir nokkur börn. Einnig kom skólasálfræðingur loks til okkar til að meta börn. Við höfum upplifað óöryggi vegna þess að aðgengi að þessum sérfræðingum hefur verið stopp og löng bið. Það er vond tilfinning að við gætum verið að gera miklu betur í lífi einstaklinga sem eiga gríðarlega mikið undir okkur komið. Það getur verið dýrt að láta vandann safnast upp, bæði fjárhagslega og félagslega.

4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla

Við búum að ríkulegu samstarfi við annað fagfólk, þar sem mikið samstarf er á milli starfsfólks leikskóla Hjallastefnunnar sem eru 18 talsins og starfa í 11 sveitarfélögum. Það er mikið um fagfundi millistjórnenda og stjórnenda sem leiða svo inn í starfið. Svo eigum við líka fagfólk leikskólanna í Ísafjarðarbæ að sem og Skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar og Sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs.

4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf

Við erum eins og aðrir leikskólar á landinu að innleiða nýjar áherslur í Aðalnámskrá leikskóla varðandi aðalnámsleið barna leikinn. Við gefum okkur alveg komandi skólaár til að þróa og festa í sessi þekkingu á leiknum sem og hlutverki kennara/starfsfólks í þeirri innleiðingu. Við erum einnig í samtali við aðra leikskóla Hjallastefnunnar og framkvæmdastjóra - fræðslu og fagstarfs Hjallastefnunnar. Við erum einnig að leggja mikla og aukna áherslu á málörvun og málþroska barnanna, við vinnum eftir læsis- og stærðfræðiáætlun sem unnin er út frá lotunum okkar í [Kynjanámskrá](#), [Orðaforðalista Mms](#), [Orðaleikur orðanám í leikskóla](#), [Lubba](#) o.fl. efni sem við erum að vinna í að flétta inn í þessa þróun. Kjarnastjórnendur og fagstjórnendur skólans hittast í sameiginlegum undirbúningi á mánudagsmorgnum og fara yfir kennslufni vikunnar, málörvunarefni vikunnar er sett upp sjónrænt fyrir kennara og foreldra. Við erum að safna í gagnabanka sem mun svo nýtast okkur áfram.

4.1.4. Nemar

Einn nemi sem var á lokaári í M.Ed. gráðu í menntunarfræði á leikskólastigi, var í starfsnámi hjá okkur s.l. skólaár.

4.2. Samstarf heimilis og skóla

Leikskólinn Eyrarskjól setur samstarf við heimili leikskólabarnanna í öndvegi enda eru góð samskipti við fjölskyldur barnanna forsenda þess að þeim gangi vel og líði vel í leikskólanum.

4.2.1. Daglegt samstarf

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja til og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa auka vistunartíma með litlum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna.

Öllum foreldrum í öllum Hjallastefnuleikskólum stendur til boða að koma í heimsókn í leikskólann án fyrirvara og dvelja sem gestir og fylgjast með barninu í leik og starfi. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleikskólum er með þeim hætti að starfsmaður leitast ávallt við að ná að taka vel á móti börnum og foreldrum, fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa



Hjallastefnan

daglega samstarfs er starfsfólk að setja inn upplýsingar um ýmsa daglega þætti í leikskóla lífi barnsins inn á Karellen appið og geta foreldrar notað það til að koma upplýsingum og spurningum til starfsfólks. Einnig fer fram skipulagt samstarf heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið.

4.2.2. Upplýsingastreymi

Hjallastefnan ehf. rekur stærsta leikskólavef landsins www.hjalli.is sem er beintengdur við gagnagrunn innan rekstrarforritsins „Karellen“. Vefnum fylgir vefumsjónarkerfi sem gerir starfsfólki með litla tölvukunnáttu auðvelt að koma upplýsingum á vefinn/appið. Kjarnastýrur senda foreldrum föstudagspóst fyrir hvern kjarna. Fréttir af heildar starfi skólans er gjarnan settar á forsíðu skólans eða inn á [facebook síðu skólans](#). Fyrst og fremst felst þó upplýsingamiðlun til foreldra í myndasafni skólans en leikskólinn setur mörg hundruð myndir á mánuði á vefinn. Myndasafnið auk upplýsinga og samskipta í gegnum Karellen appið er nokkurs konar gluggi fjölskyldunnar inn í leikskólastarfið en þar má sjá myndir frá starfinu, hægt að fylgjast með hvernig barnið borðaði og svaf, hvaða viðburðir eru framundan o.s.frv. Einnig geta starfsmenn og foreldrar talað sama í gegnum skilaboð á Karellen sem við höfum nýtt okkur mikið. Hátt hlutfall foreldra í leikskólanum hefur aðgengi að veraldarvefnum og fylgist með upplýsingum á vef leikskólans en fyrir þá örfáu sem ekki nýta sér vefinn eru einnig sendir tölvupóstar og ef mikið liggur við eru áminningar sendar í gegnum tölvukerfi skólans í farsíma foreldra.

4.2.3. Fundir og viðtöl

Haldnir voru hefðbundnir fundir, s.s. foreldrafundur og kynningarfundur nýrra foreldra. Þar að auki voru foreldraviðtöl á haustönn og aftur á vorönn. Foreldrar og/eða kennarar geta einnig beðið um fundi ef á þarf að halda þar fyrir utan.

4.2.4. Þátttaka foreldra

Foreldrafélagið stóð fyrir nokkrum uppákomum fyrir börnin eins og jólaföndur, sveitaferð og komu að ferð fyrir útskriftanemendurnar í Raggagarð.

5. Ytri umbúnaður leikskólastarfsins

Leikskólinn er sem fyrr til húsa að Eyrargötu 1 á Ísafirði. Það voru ekki allir kjarnar fylltir af börnum fyrr en leið á veturinn af því að það gekk illa að manna skólann að fullu á haustönninni. En þegar leið á voru allir kjarnar fullir. Kjarnarnir eru nú 5 til 6 eftir því hvernig á það er litið, en yngsti kjarninn í skólanum er tvískiptur en það er mikil samvinna á milli. Ástand hússins hefur verið að koma til smám saman, en nokkrir þættir eru enn ekki í lagi og sumir þættir eru verulega hamlandi.

Framkvæmdaáætlun Listi frá Eyrarskjóli vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2024 og endurskoðunar framkvæmdaáætlunar sveitarfélagsins.

Í fylgiskjöllum með Ársskýrslunni er listi yfir þætti sem þarf að laga hjá okkur.

Samkvæmt Ytra mati sem framkvæmt var í leikskólanum Eyrarskjóli, á vegum Menntamálastofnunar – fyrir mennta- og barnamálamálaráðuneytið árið 2022, af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarisdóttur, eru þættir sem hafa hamlandi áhrif á starfsemi sem hefur breyst við nýja kjarasamninga starfsfólks, fjölgun starfsfólks og vegna nýrra þátta sem krafist er að starfsfólk uppfylli. Má t.d. nefna



Hjallastefnan

mikil fjölgun undirbúningstíma starfsfólks, kröfur um skráningu margra þátt í starfinu samráð starfsfólks, fundapörf með foreldrum o.fl. Því þarf að laga eftirfarandi þætti í leikskólanum.

Leita þarf leiða til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í leikskólanum svo sem sérkennsluherbergi, rými fyrir minni fundi og bæta undirbúningsaðstöðu. Aðstaða er fyrir stærri fundi þar sem hægt er að opna milli kjarna en ekki er aðstaða fyrir viðtöl eða minni fundi. Ekki er sérkennsluherbergi í húsinu en lítið gluggalaust herbergi á gangi er notað fyrir sérkennslu. Undirbúningsherbergi starfsfólks er staðsett milli kaffistofu og gangs; við það myndast því óhjákvæmilega gegnumgangur um það. Kaffistofa er fyrir starfsfólk. Stjórnendateymi skólans samanstendur af þremur einstaklingum sem deila lítilli skrifstofu sem jafnframt er notuð til minni funda svo sem foreldraviðtala. Í leikskólanum er ekki listaskáli eða vísindastofa. Lítið geymslurými er í leikskólanum og er það meðal annars leyst með geymsluskápum fyrir námsgögn sem er í kaffistofu starfsfólks. Umgangur veldur ónæði og óþægindum fyrir starfsfólk í kaffitímum. Húsnæðið uppfyllir ekki að fullu kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Leita þarf leiða til að bæta loftgæði á hluta tengigangs leikskólans og sinna viðgerðum á loftræstingu. (bls 9 - 11 í skýrslu frá Menntamálastofnun).

Rökstuðningur:

Undirbúningsherbergið: er allt of lítið fyrir þann fjölda starfsfólks sem starfar í leikskólanum og við ætlumst til að starfsfólk taki undirbúning í skólanum þar sem það hentar skipulagi starfsins best og þá hefur starfsfólk aðgang að faglegum gögnum og tækjum. Það verður fljótt þungt loft í undirbúningsherberginu og það er þétt setið og erfitt að einbeita sér. Loftræsting er ófullnægjandi þar inni, gluggi snýr út á tengiganginn frammi, þar er ekki loftræsting fyrir framan. (Það er búið að setja upp loftræstingu fyrir framan kjarna sem hefur einungis glugga út á ganginn annan hluta tengigangsins, sú lausn hefur skilað góðum árangri).

Sérkennslu"herbergið": er gluggalaust, loftlaust og pínulítið. Vegna smæðar herbergisins virkar loftræsting ekki sem skildi (haft eftir fulltrúum heilbrigðiseftirlitsins) það er því erfitt að vinna þar inni þar sem skert loftgæði hafa áhrif á vellíðan og heilsu þeirra sem það gera. Það er ekki hægt að nýta herbergið sem fundarstað vegna smæðar og loftleysis. Svona aðstaða í leikskólum hefur verið harðlega gagnrýnd af starfsfólki margra leikskóla síðustu áratugi þar sem við upplifum svona ófullnægjandi aðstöðu sem óvirðingu við börn og foreldra, sem og starfsfólk sem þarf að vinna í slíkum rýmum.

Skrifstofa leikskólans: er eitt lítið herbergi sem væri fín aðstaða fyrir einn starfsmann, við erum nú þrjár sem deilum því rými skólastýra, skólafreyja með stjórnun og sérkennslustýra. Það er mjög þröngt um okkur, næði er lítið þar sem erindi til hvernar og einnar trufla hinar, auk þess sem við þurfum reglulega að yfirgefa skrifstofuna ef verið er að fjalla um viðkvæm mál, barna eða starfsfólks. Einnig þegar taka þarf viðtöl, það er gríðarlega þröngt um fólk þegar þarf að halda teymisfundi og slíkt sem krafa er um í starfinu.

Fundarherbergi: það er nauðsynlegt í leikskólum nútímans að hafa aðstöðu til að halda fundi án þess að þurfa að reka starfsfólk út úr vinnurýmum sem verið er að nota til annars. Við þurfum að taka viðtöl við starfsfólk, við þurfum að halda teymisfundi oft með töluvert mörgum aðilum, við þurfum að taka foreldraviðtöl o.s.frv. Þetta eru einfaldlega kröfur sem gerðar eru til okkar í starfinu og viðunandi aðstaða er nauðsynleg.



Hjallastefnan

Þetta eru allt rými sem hafa mikil áhrif á heilsu og vellíðan starfsfólks og það skiptir svo sannarlega máli þegar við horfum til þess að við eigum í harðri samkeppni við aðra vinnustaði þegar kemur að vali fólks á starfsvettvangi. Við höfum fengið að finna fyrir því að starfsfólk hefur verið að segja upp hjá okkur vegna álags sem m.a. felst í ófullnægjandi aðstöðu.

Lóð við Eyrarskjól: Samkvæmt teikningum af lóð Eyrarskjóls, á að koma gróður á nokkrum stöðum inni á lóðinni, auk þess fyrir framan leikskólann. Það koma fram fleiri þættir í viðhengi sem þarf að laga á lóðinni og vonumst við til að úr þessu verði bætt sem fyrst.

Bílastæði: Lögreglan hefur gert athugasemdir við aðkomu og lagningu bíla hér fyrir utan, upp kom hugmynd í spjalli við þau um að mála skásett bílastæði fyrir foreldra meðfram gangstétt við leikskólann, til að reyna að stýra lagningu bíla á álagstímum.

6. Tölulegar upplýsingar

6.1. Nemendur

Alls urðu börnin 87 í Eyrarskjóli skólaárið 2023 - 2024. Það voru fleiri drengir en stúlkur.

6.2. Starfsfólk

Það var minni starfsmannavelta á skólaárinu 2023 - 2024, en árið á undan. Það voru 2-4 starfsmenn hjá okkur í langtímaveikindum á skólaárinu. Það voru einhverjar sveiflur á starfsmannafjölda t.d. þegar starfsmaður hætti áður en annar kom inn í staðinn. Einnig voru sumir starfsmenn í hlutastörfum og unnu hver á móti annarri.